

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2006

frá 2. júní 2006

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE):

„7b. **32005 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB (Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:

- „– að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein: „Aktiengesellschaft“, „Europäische Aktiengesellschaft (Societas Europaea)“, „Genossenschaft“;
- að því er varðar Konungsríkið Noreg: „aksjeselskaper“, „allmennaksjeselskaper“, „gjensidige selskaper“;
- að því er varðar Ísland: „hlutafélög“, „gagnkvæm félög“.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE), lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) og lið 12c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB):

„– **32005 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 (Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 1.6.2006, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/68/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.